

Ályktun um setningu laga um lagareldi.

69. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið á Laugarhóli í Bjarnafirði, 18. og 19. október 2024, hvetur Alþingi og stjórnvöld að ljúka lagasetningu er varðar endurskoðun á stefnumörkun, framkvæmd og eftirlit með fiskeldi og breytingum á fyrirkomulagi fiskeldissjóðs.

Fyrir liggur vönduð vinna er varðar stefnumörkun og endurskoðun laga um lagareldi. Samráð í ferlinu gaf góð fyrirheit um skýr markmið stjórnvalda um að efla stjórnsýslu og fá skýrari ramma fyrir atvinnulíf. Aðalmarkmiði laganna í upphafi var að skapa skilyrði til sjálfbærrar uppbyggingar lagareldis og efla þannig verðmætasköpun, atvinnulíf og byggð í landinu.

Fjórðungsþing Vestfirðinga skorar á stjórnvöld til að breyta reglugerðum að teknu tilliti til eftirfarandi liða.

- Breyta fiskeldissjóði í samfélagsjóð með beinni úthlutun til fiskeldssveitarfélaga í stað úthlutunarsjóðs með miklum ófyrirsjáanleika, sveitarfélög skora á stjórnvöld að hækka hlutdeild sveitarfélaga í 70%.
- Auka fjármagn til eftirlitsaðila í greininni í nærumhverfinu.
- Stjórnvöld stefni að auknu fiskeldi með úthlutun fiskeldisleyfa, fjármagn verði nýtt til að fjármagna samgöngusáttmála á Vestfjörðum.